

Greiningardeild
maí 2017



Sjúkratryggingar
Íslands

Dagdvöl

Umfang þjónustu og greiðslur 2016





Sjúkratryggingar
Íslands

Útgáfa	Dags.	Lýsing	Unnið af	Yfirfarið af	Ábyrgðarmaður
1	30.05.17	Dagdvöl. Umfang þjónustu og greiðslur 2016	Helga Garðarsdóttir	Eymundur Sveinn Leifsson og Kristín Þorbjörnsdóttir	Helga Garðarsdótti, Greiningardeild SÍr

Samantekt og niðurstöður

Greiðslur SÍ vegna dagdvalar á árinu 2016 voru alls 1.576.614.613 kr. sem er 95,6% nýting greiðsluheimilda skv. gjaldskrá SÍ og alls 168 m.kr. undir fjárheimildum fjárlaga árið 2016. Með 98% nýtingu fjárheimilda væri hægt að fjölga dagdvalarrýmum um allt að 112 rými á ársgrundvelli og þar með koma til móts við eftirspurn eftir þjónustunni á höfuðborgarsvæðinu.

Í árslok 2016 voru rýmaheimildir alls 733 dagdvalarrými og hafði heimildum fjölgað um alls 30 rými frá ársbyrjun, þó mest á höfuðborgarsvæðinu eða um 29 rými. Flest dagdvalarrými á hvern íbúa, 67 ára og eldri, eru á höfuðborgarsvæðinu en fæst rými á hvern íbúa, 67 ára og eldri, eru á Vestfjörðum. Dagdvalarrýmum hefur almennt verið að fjölga í samræmi við reiknaða þörf á höfuðborgarsvæðinu en ekki í öðrum heilbrigðisumdæmum eða landsvæðum. Frá árinu 2012 hefur dagdvalarrýmum ekki verið að fjölga í sama mæli og fjölgun íbúa 67 ára og eldri.

Fjöldi einstaklinga (notanda) sem nýttu sér dagdvöl sem stuðningsúrræði árið 2016 voru alls 1.884 og komur á árinu voru 174.107, eða að meðaltali 92,4 komur á hvern notanda. Ætla má að heildargreiðslur notanda hafi verið um 189 m.kr. eða 10,7% af heildargreiðslum til veitenda þjónustu dagdvalar á árinu 2016, sem eru rúmar 100 þús. krónur að meðaltali á hvern notanda á ársgrundvelli.

Um 4,5% íbúa, 67 ára og eldri, á landinu sækir þjónustu dagdvalar. Flestir þeirra eru á aldrinum 80-89 ára eða um 52,0% allra notanda. Um 94,9% voru 67 ára og eldri en hlutfall íbúa í hverju aldursbili sem sækir dagdvöl er hæst í aldurshópnum 90 ára og eldri eða 15,5%. Yngstu einstaklingarnir sem sækja dagdvöl eru einstaklingar með langvinna sjúkdóma og/eða fatlanir og sækja þjónustu hjá MS-setrinu. Þetta eru einstaklingar á aldrinum 30-50 ára sem þurfa alla aðstoð við athafnir dagslegs lífs og að auki sérhæfða þjónustu heilbrigðisstarfsfólks s.s. sjúkra- og iðjuþjálfun.

Hingað til hefur ekki verið gerð ítarleg greining á þjónustu í dagdvalarrýmum. Enginn samningur hefur verið um þjónustuna og kröfur til hennar eru óskýrar að mati bæði notanda og veitenda þjónustunnar. Að mati SÍ eru ýmsar leiðir til að bæta nýtingu fjármuna m.a. með skýrum ákvæðum í samningi, ákveðnum kröfum til veitenda þjónustunnar og með hagkvæmari dreifingu rýmaheimilda.

Inngangur

Þann 1. janúar 2016 tóku Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) við framkvæmd greiðslna af Tryggingastofnun ríkisins (TR) til veitenda þjónustu dagdvalarrýma¹. Í rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands, sem tók gildi 1. janúar 2016, um þjónustu hjúkrunarheimila var þjónusta í dagdvöl undanskilin og því enginn samningur í gildi um þá þjónustu sem veitt er í dagdvöl. Á hinn bóginn er í gildi kröfulýsing velferðarráðuneytisins frá árinu 2013 og í henni koma fyrir alls 10 kröfur til þjónustunnar.

Þar sem ekki var kominn á samningur um þjónustu í dagdvalarrýmum við yfirfærsluna þann 1. janúar 2016 var farin sú leið að birta gjaldskrá eftir útkomu reglugerðar ráðherra². Gjaldskrá SÍ tók gildi 1. janúar 2016. Í henni eru tilgreind verð, tegund rýma og fjöldi dagdvalarrýma hjá þeim sem sinna dagdvalarþjónustu og sem greiðsluþátttaka sjúkratrygginga tekur til. Gjaldskráin miðar við að þjónusta í hverju dagdvalarrými sé í boði 250 daga ársins og að ein koma í dagdvöl vari í a.m.k. 6 klst á dag. Til viðbótar er innifalið í daggjöldum dagdvalarrýma nauðsynlegur ferðakostnaður notenda þjónustunnar, svo og kostnaður vegna hvers konar þjónustu sem notendum er látin í té á dvalartíma á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerð nr. 427/2013 um greiðslur til öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu. Gjaldinu er einnig ætlað að mæta rekstrarútgjöldum veitenda þjónustunnar, þó ekki vegna viðhalds húsnæðis.

Velferðarráðuneytið sér áfram um forgangsöröðun dagdvalarrýma og stefnumótun í málaflöknum. Allar ákvarðanir um fjölda dagdvalarrýma, tegund þeirra og staðsetningu er því í höndum ráðuneytisins.

Í þessari greiningarskýrslu hafa SÍ tekið saman greiðslur og umfang veittrar þjónustu í dagdvöl á árinu 2016. Þessi tegund greiningar hefur aldrei áður verið birt opinberlega. Að mati SÍ er í framhaldi af þessari skýrslu mikilvægt að ítarleg greining verði gerð á framboði og eftirspurn eftir þjónustunni, ólíkum þörfum og þjónustuþyngd notenda.

¹ Með breytingum þann 19. desember 2015 á lögum um sjúkratryggingar, lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra var tekið tillit til forsetaúrskurðar nr. 72/2013 þar sem heilbrigðisráðherra var falið að fara með málefni dvalarheimila og dagdvalar, til viðbótar við ábyrgð á málefnum hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilum. Með breytingunum var heimild heilbrigðisráðherra til að ákveða daggjöld í dvalarrýmum felld brott og Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) þess í stað ætlað að semja um dagdvöl og dvalarrými, auk hjúkrunarrýma. Með þessum nýju lagaákvæðum og breytingum var jafnframt kveðið skýrt á um verkaskiptingu milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), Velferðarráðuneytisins (VEL) og Tryggingastofnunar ríkisins (TR) og móttaka reikninga og greiðslur færðar formlega frá TR til SÍ þann 1. janúar 2016.

² Reglugerð nr. 145/2016 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra vegna dvalar í hjúkrunarrýmum, dvalarrýmum og dagdvalarrýmum á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2016 og sem eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.



Skilgreining á dagdvöl

Þjónusta í dagdvalarrými hefur verið skilgreind sem stuðningsúrræði við aldraða, 67 ára og eldri, sem að staðaldri þurfa stuðning til að geta búið áfram heima³. Dagdvöl hefur einnig verið nýtt sem stuðningsúrræði fyrir einstaklinga sem eru yngri en 67 ára og greinst hafa með heilabilun (t.d. Hlíðabær) eða eru með langvinna sjúkdóma og/eða fatlanir (t.d. MS-setrið). Hjá flestum sveitarfélögum er boðið upp á dagdvöl sem rekin er af sveitarfélaginu sjálfu, hjúkrunarheimili eða ríkinu. Notendur dagdvalar geta sótt þjónustuna daglega eða tiltekna daga í viku hverri. Upphaflega sækja notendur sjálfir um dagdvöl hjá viðkomandi hjúkrunarheimili, sveitarfélagi eða dagdvalarstofnun. Tilvísun frá lækni er ekki alltaf forsenda fyrir aðgengi að þjónustunni, undantekning er þó t.d. varðandi sérhæfða dagdvöl og dagdvöl fyrir heilabilaða.

Rýmaheimildir og breytingar

Við gildistöku gjaldskrár SÍ þann 1. janúar 2016 voru rýmaheimildir vegna dagdvalar alls 703 rými, skv. ákvörðun velferðarráðuneytisins. Í árslok 2016 voru rýmaheimildir alls 733 dagdvalarrými. Heimildum hafði því fjölgað um alls 30 dagdvalarrými á árinu 2016, þó mest á höfuðborgarsvæðinu eða um 29 rými, *sjá nánar í töflu 1*.

Tafla 1. Rýmaheimildir skv. gjaldskrá SÍ vegna dagdvalar hjá veitendum þjónustu eftir heilbrigðisumdæmum í upphafi og í lok árs 2016.

Heilbrigðisumdæmi	Rýmaheimildir í upphafi árs	Rýmaheimildir í lok árs	Breytingar á árinu
Austurland	23	23	0
Höfuðborgarsvæðið	462	491	29
Norðurland	80	80	0
Suðurland	58	58	0
Suðurnes	31	31	0
Vestfirðir	13	13	0
Vesturland	36	37	1
Heildarfjöldi rýma á landinu öllu	703	733	30

Daggjald til veitanda þjónustu dagdvalar er mismunandi eftir tegundum þjónustunnar skv. gjaldskrá SÍ. Í lok árs 2016 voru heimildir fyrir alls 390 almenn dagdvalarrými, 211 dagdvalarrými fyrir heilabilaða, 36 dagdvalarrými með endurhæfingu og 96 almenn sérhæfð dagdvalarrými, *sjá nánari sundurliðun á rýmaheimildum niður á veitendur þjónustu eftir heilbrigðisumdæmum í töflu A í fylgiskjali*.

Að meðaltali voru 54 íbúar, 67 ára og eldri, á hvert dagdvalarrými á landsvísu í lok árs 2016. Flest dagdvalarrými á hvern íbúa, 67 ára og eldri, eru á höfuðborgarsvæðinu en fæst rými á hvern íbúa 67 ára og eldri á Vestfjörðum, *sjá nánar töflu 2 og nánari sundurliðun á rýmaheimildum niður á veitendur þjónustu eftir heilbrigðisumdæmum í töflu A í fylgiskjali*.

³ Samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 er dagdvöl skilgreint sem stuðningsúrræði fyrir aldraða sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Innifalið í daggjöldum dagdvalarrýma er nauðsynlegur ferðakostnaður og kostnaður vegna hvers konar þjónustu sem látin er í té á stofnunum, sbr. reglugerð nr. 427/2013, s.s. hjúkrunarþjónusta, en einnig skal vera aðstaða til hjálfnar og lækniþjónustu. Boðið skal jafnframt upp á ferðaþjónustu að og frá heimili notanda, mat á heilsufari, hjálfun, tómstundaiðu, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir dagslegs lífs.



Tafla 2. Rýmaheimildir skv. gjaldskrá SÍ vegna dagdvalar hjá veitendum þjónustu eftir heilbrigðisumdæmum í lok árs 2016, fjöldi íbúa 67 ára og eldri og fjöldi íbúa 67 ára og eldri per rýmaheimild.

Heilbrigðisumdæmi	Rýmaheimildir í lok árs	Fjöldi íbúa 67 ára og eldri*	Fjöldi íbúa 67 ára og eldri/ rýmaheimild
Austurland	23	1.602	69,7
Höfuðborgarsvæðið	491	24.598	50,1
Norðurland	80	5.076	63,5
Suðurland	58	3.329	57,4
Suðurnes	31	2.116	68,3
Vestfirðir	13	919	70,7
Vesturland	37	1.977	53,4
Samtals	733	39.617	54,0

*Heimild: Hagstofan. Fjöldi íbúa 67 ára og eldri 1. janúar 2016.

Rýmaheimildum í dagdvöl hefur fjölgað á landsvísu um 79,7% eða um alls 325 rými frá árinu 2003. Fjölgun á rýmaheimildum var því hlutfallslegri meiri en fjölgun íbúa, 67 ára og eldri, á sama tímabili sem var 32,1%. Mesta aukningin er þó á höfuðborgarsvæðinu en þar hefur dagdvalarrýmum fjölgað um 350 rými. Fækkun hefur hins vegar orðið á norðurlandi, suðurlandi, Suðurnesjum og Vestfjörðum um alls 71 rými, *sjá nánar töflu 3.*

Tafla 3. Samanburður milli árána 2003 og 2016 á rýmaheimildum dagdvalarrýma eftir heilbrigðisumdæmum ásamt samtals fjölgun 67 ára og eldri.

Heilbrigðisumdæmi	Rýmaheimildir árið 2003*	Rýmaheimildir í lok árs 2016	Breyting frá 2003	Hlutfallsleg breyting frá 2003
Austurland	25	23	-2	-8,0%
Höfuðborgarsvæðið	141	491	350	248,2%
Norðurland	95	80	-15	-15,8%
Suðurland	27	58	31	114,8%
Suðurnes	82	31	-51	-62,2%
Vestfirðir	16	13	-3	-18,8%
Vesturland	22	37	15	68,2%
Samtals	408	733	325	79,7%
	Árið 2003	Árið 2016	Breyting frá 2003	Hlutfallsleg breyting frá 2003
Fjöldi íbúa 67 ára og eldri	29.996	39.617	9.621	32,1%

*Tölur fengnar úr stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar. Þjónusta við aldraða, dags. október 2003.

Frá árinu 2012 hefur fjölgun dagdvalarrýma á landsvísu verið um 10,6% eða alls 70 dagdvalarrými. Fjölgun á rýmaheimildum hefur aftur á móti verið minni en fjölgun íbúa í aldurshópnum 67 ára og eldri en hún var alls 13,8% á þessum tímabili. Mesta fjölgun dagdvalarrýma var á höfuðborgarsvæðinu eða um 23,7%, en mesta fækkunin er á vestfjörðum eða um 27,8%, *sjá nánar töflu 4.*



Tafla 4. Samanburður milli árána 2012 og 2016 á rýmaheimildum dagdvalarrýma eftir heilbrigðisumdæmum ásamt samtalsfjölgun 67 ára og eldri.

Heilbrigðisumdæmi	Rýmaheimildir árið 2012*	Rýmaheimildir í lok árs 2016	Breyting frá 2012	Hlutfallsleg breyting frá 2012
Austurland	24	23	-1	-4,2%
Höfuðborgarsvæðið	397	491	94	23,7%
Norðurland	100	80	-20	-20,0%
Suðurland	56	58	2	3,6%
Suðurnes	31	31	0	0,0%
Vestfirðir	18	13	-5	-27,8%
Vesturland	37	37	0	0,0%
Samtals	663	733	70	10,6%

	Árið 2012	Árið 2016	Breyting frá 2012	Hlutfallsleg breyting frá 2012
Fjöldi íbúa 67 ára og eldri	34.812	39.617	4.805	13,8%

*Tölur fengar úr þingskjali nr. 594 – 268. mál. Svar velferðarráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um dvalarrými, hvíldarrými og dagvistun aldraðra.

Árið 2012 var reiknuð út þörf fyrir dagdvalarrými eftir landssvæðum af velferðarráðuneytinu. Reiknuð þörf á landsvísu var 824 rými og var þörfin áætluð mest á höfuðborgarsvæðinu og á norðurlandi. Dagdvalarrýmum hefur fjölgað umfram reiknaða þörf á höfuðborgarsvæðinu en ekki í samræmi við áætlaða þörf í öðrum heilbrigðisumdæmum, *sjá nánar töflu 5.*

Tafla 5. Samanburður á reiknaðri þörf fyrir dagdvalarrými árið 2012 og rýmaheimildum í lok árs 2016.

Heilbrigðisumdæmi	Reiknuð þörf árið 2012*	Rýmaheimildir í lok árs 2016	Vöntun miðuð við reiknaða þörf	Hlutfallsleg vöntun miðuð við reiknaða þörf
Austurland	34	23	-11	-32,4%
Höfuðborgarsvæðið	470	491	21	4,5%
Norðurland	123	80	-43	-35,0%
Suðurland	71	58	-13	-18,3%
Suðurnes	40	31	-9	-22,5%
Vestfirðir	28	13	-15	-53,6%
Vesturland	58	37	-21	-36,2%
Samtals	824	733	-91	-11,0%

*Tölur fengar úr þingskjali nr. 594 – 268. mál. Svar velferðarráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um dvalarrými, hvíldarrými og dagvistun aldraðra.

Fjárlög og greiðslur árið 2016

Fjárheimildir til dagdvalarrýma á fjárlögum árið 2016 voru alls 1.739.900.000 kr. Greiðsluheimildir skv. gjaldskrá SÍ árið 2016 voru alls 1.643.345.240 kr. eða rúmum 96 m.kr. undir fjárheimildum á fjárlögum árið 2016.

Greiðslur SÍ til veitenda þjónustu dagdvalar á árinu 2016 voru alls 1.571.787.525 kr. Nýting greiðsluheimilda var 95,6% á árinu og má því segja að vannýting greiðsluheimilda hafi verið rúmar 71 m.kr.. Mismunur á fjárlögum til dagdvalarrýma og greiðslum SÍ í samræmi við nýtingu voru alls rúmar 168 m.kr., *sjá nánar töflu 6.*



Tafla 6. Fjárlög 2016 í samanburði við greiðsluheimildir SÍ skv. gjaldskrá og greiðslum SÍ í samræmi við nýtingu.

	Árið 2016
Fjárlög 2016 til dagdvalarrýma	1.739.900.000 kr.
Greiðsluheimildir SÍ skv. gjaldskrá	1.643.345.240 kr.
Mismunur á fjárlögum og greiðsluheimildum	96.554.760 kr.
Greiðslur SÍ 2016 (í samræmi við nýtingu)	1.571.787.525 kr.
Nýting greiðsluheimilda dagdvalar skv. gjaldskrá	95,6%
Mismunur á greiðslum SÍ skv. gjaldskrá og greiðsluheimildum	71.557.715 kr.
Mismunur á greiðslum SÍ skv. gjaldskrá og fjárlögum 2016	168.112.475 kr.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg voru alls 100 einstaklingar á biðlista í apríl 2017 eftir því að komast í Þorrasel, sem er dagdvöl rekin er af Reykjavíkurborg. Biðtími var jafnframt kominn í 6 mánuði⁴. Miðað við 98% nýtingu fjárheimilda á fjárlögum 2016 hefði mátt fjölga almennum dagdvalarrýmum á ársgrundvelli um allt að 112 rými, *sjá nánar töflu 7 og sundurliðun á nýtingu greiðsluheimilda í töflu B í fylgiskjali.*

Tafla 7. Fjölgun dagdvalarrýma miðað við 98% nýtingu fjárheimilda á fjárlögum 2016.

Afgangur af fjárlögum 2016	168.112.475 kr.
Almennt dagdvalarrými. Greiðsla SÍ á ársgrundvelli	1.466.950 kr.
Fjölgun dagdvalarrýma m.v. 98% nýtingu fjárlaga 2016	112

**Heildargreiðsla á ári fyrir eitt dagdvalarrými í 250 daga með húsnæðisgjaldi.*

Vannýtingu rýma má rekja til ýmissa þátt og meðal þess er að alls eru 8 aðilar sem veita enga dagdvalarþjónustu þrátt fyrir greiðsluheimildir á árinu 2016. Um er að ræða samtals 14 dagdvalarrými. Fimm aðilar af átta fengu auk þess samtals 960 þús.kr. greiðslu sem húsnæðisgjald í samræmi við gjaldskrá, *sjá nánar töflu 8 og sundurliðun á greiðslum SÍ niður á veitendur þjónustu í töflu C í fylgiskjali.*

Tafla 8. Rýmaheimildir skv. gjaldskrá SÍ hjá aðilum sem ekki veittu þjónustu á árinu 2016 og yfirlit yfir þá sem fengu húsnæðisgreiðslur.

	Rýmaheimildir	Húsnæðisgjald
Barmahlíð	2	240.096 kr.
Fellaskjól, dvalarheimili	1	120.048 kr.
Hjallatún, dvalarheimili	2	240.096 kr.
HSA - Neskaupstaður	1	0 kr.
HSA - Seyðisfjörður	2	0 kr.
HSN-Blönduós	2	0 kr.
Snæfellsbær - Jaðar	2	120.048 kr.
Uppsalar, dvalarheimili aldraðra	2	240.096 kr.
Samtals	14	960.384 kr.

⁴ Þann 26. apríl 2017 lagði Reykjavíkurborg fram umsögn fyrir borgarráð vegna tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, mál nr. 402.



Komur í dagdvöl og greiðsluþátttaka

Heildarfjöldi koma í dagdvöl á árinu 2016 var 174.107 komur. Alls voru 1.884 einstaklingar (kt.) sem nutu þjónustunnar og var meðalfjöldi koma um 92,4 komur á hvern einstakling. Greiðsluþátttaka notenda í dagdvöl var 1.100 kr. á dag fyrir hverja komu, skv. reglugerð ráðherra, en þar sem reglugerð var ekki birt fyrr en 18. febrúar 2016 var greiðsluþátttaka notenda óbreytt frá árinu áður fyrstu tvo mánuði ársins eða alls 1.020 kr. á dag fyrir hverja komu. Sé miðað við fjölda koma þá má áætla að greiðslur notenda þjónustunnar hafi verið alls 189.247.860 kr. Þessar greiðslur koma til viðbótar greiðslum SÍ til veitenda þjónustunnar skv. gjaldskrá SÍ. Ætla má að heildargreiðslur (brúttó) til veitenda þjónustunnar hafi því verið alls 1.761.035.385 kr. og að greiðsluþátttaka notenda hafi verið 10,7% af heildargreiðslum, *sjá nánar töflur 9 og 10 ásamt sundurliðun niður á veitendur þjónustu í töflu B og C í fylgiskjali.*

Tafla 9. Yfirlit yfir fjölda notenda og koma í dagdvöl ásamt greiðsluþátttöku notenda dagdvalar árið 2016

	Umfang 2016
Fjöldi notenda dagdvalar	1.884
Fjöldi koma í dagdvöl	174.107
Meðalfjöldi koma á hvern notanda	92,4
Greiðsluþátttaka notenda dagdvalar	189.247.860 kr.
Meðalgreiðsla hvers notanda á ári	100.450 kr.

Tafla 10. Yfirlit yfir heildargreiðslur til veitenda þjónustu dagdvalar árið 2016 ásamt sundurliðun á greiðslum SÍ og greiðsluþátttöku notenda þjónustunnar

	Greiðslur 2016	Hlutfallsleg skipting
Heildargreiðslur til veitenda þjónustu (brúttó)	1.761.035.385 kr.	100%
-Þar af greiðslur SÍ	1.571.787.525 kr.	89,3%
-Þar af greiðsluþátttaka notenda dagdvalar	189.247.860 kr.	10,7%

Notendur dagdvalar

Alls um 4,5% íbúa, 67 ára og eldri, á landinu sækja þjónustu dagdvalar. Hlutfall notenda af fjölda íbúa í hverju aldursbili sem sækja þjónustu er hæst í aldurshópnum 90 ára og eldri eða 15,53%, sjá nánar töflu 11.

Tafla 11. Yfirlit yfir fjölda íbúa eftir aldursbili og fjölda notenda sem sóttu dagdvöl ásamt hlutfalli af íbúafjölda sem sótti dagdvöl í hverjum aldurhópi árið 2016.

Aldur	Fjöldi íbúa eftir aldursbili	Fjöldi notenda dagdvalar	Hlutfall notenda dagdvalar af fjölda íbúa
30-39	45.540	6	0,01%
40-49	42.288	7	0,02%
50-59	42.679	35	0,08%
60-69	33.077	115	0,4%
70-79	18.869	439	2,3%
80-89	10.208	979	9,6%
90 og eldri	1.951	303	15,5%
Samtals		1.884	
Par af 67 ára og eldri	39.617	1.787	4,5%

Flestir sem sækja þjónustu dagdvalar eru 67 ára og eldri eða 94,9% og stærsti hópurinn sem sækir dagdvöl er á aldrinum 80 til 89 ára eða um 52% allra notenda. Yngstu einstaklingarnir sem sækja dagdvöl eru þeir sem njóta þjónustu MS-setursins, sem er eins og áður segir fyrir einstaklinga með langvinna sjúkdóma og/eða fatlanir, sjá nánar töflu 12.

Tafla 12. Yfirlit yfir fjölda einstaklinga eftir aldri sem sóttu dagdvöl árið 2016 ásamt hlutfallslegri skiptingu niður á aldurshópa.

Aldur	Fjöldi einstaklinga	Hlutfallsleg skipting
30-39	6	0,3%
40-49	7	0,4%
50-59	35	1,9%
60-69	115	6,1%
70-79	439	23,3%
80-89	979	52,0%
90 og eldri	303	16,1%
Samtals	1.884	100,0%
Par af 67 ára og eldri	1.787	94,9%



Fylgiskjal

Tafla A: Fjöldi rýmaheimilda í lok árs 2016 eftir tegund þjónustu og niður á veitendur þjónustu eftir heilbrigðisumdæmum.

Heilbrigðisumdæmi	Þjónustuveitandi	Almenn dagdvöl	Dagdvöl fyrir heilabilaða	Dagdvöl með endurhæfingu	Almenn sérhæfð dagdvöl	Samtals
Austurland	Dagvistarheimilið Breiðdalsvík	5				5
Austurland	Djúpavogshreppur	4				4
Austurland	HSA - Neskaupstaður	1				1
Austurland	HSA - Seyðisfjörður	2				2
Austurland	Lagarás, dvalarheimili	5	3			8
Austurland	Uppsalar	2				2
Austurland	Vopnafjarðarhreppur	1				1
Höfuðborgarsvæðið	Dagvist Seltjarnarness	9				9
Höfuðborgarsvæðið	Dagvist Vitatorgi		18			18
Höfuðborgarsvæðið	Drafnarhús		22			22
Höfuðborgarsvæðið	Eir hjúkrunarheimili	9	48			57
Höfuðborgarsvæðið	Fríðuhús		18			18
Höfuðborgarsvæðið	Hlíðabær		22			22
Höfuðborgarsvæðið	Hrafnista, Hafnarfirði	30				30
Höfuðborgarsvæðið	Hrafnista, Reykjavík			30		30
Höfuðborgarsvæðið	Hrafnista Kópavogi -	30				30
Höfuðborgarsvæðið	Hvammur	23				23
Höfuðborgarsvæðið	Ísafold	16				16
Höfuðborgarsvæðið	Maríuhús		22			22
Höfuðborgarsvæðið	MS Setrið				40	40
Höfuðborgarsvæðið	Múlabær,				56	56
Höfuðborgarsvæðið	Roðasalur		20			20
Höfuðborgarsvæðið	Sólvangur	8				8
Höfuðborgarsvæðið	Vigdísarholt ehf.	14		6		20
Höfuðborgarsvæðið	Þorrasel	50				50
Norðurland	Dagvist aldraðra, Skagafjarðar	11				11
Norðurland	Dalbær	14				14
Norðurland	Fjallabyggð	7				7
Norðurland	Hlíð	20	16			36
Norðurland	Hornbrekka	6				6
Norðurland	HSN-Blönduós	2				2
Norðurland	Naust - Langanesbyggð	4				4
Suðurland	Árborg, dagvistun	11	10			21
Suðurland	Ás dvalar- og hjúkrunarheimili	5				5
Suðurland	Dagvist á Egilsbraut, Þorlákshöfn	8				8
Suðurland	Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	7				7
Suðurland	Hjallatún, dvalarheimili	2				2
Suðurland	Hjúkr-/dvalarh. Klausturhólum	1				1
Suðurland	Hraunbúðir	10				10
Suðurland	Kirkjuhvoll	2				2
Suðurland	Lundur	2				2



Suðurnes	Dagvist aldraðra Reykjanesbæ	15	11		26
Suðurnes	Dagvist Grindavíkur	5			5
Vestfirðir	Ísafjarðarbær (Hlíf)	8			8
Vestfirðir	Sunnuhlíð - Suðureyri	5			5
Vesturland	Barmahlíð	2			2
Vesturland	Brákarhlíð	4	1		5
Vesturland	Dagvist heilbr.st. Hvammstanga	5			5
Vesturland	Fellaskjól	1			1
Vesturland	Höfði	20			20
Vesturland	Snæfellsbær - Jaðar	2			2
Vesturland	Stykkishólmubær	2			2
Heildarfjöldi rýma		390	211	36	96
				733	

Tafla B: Sundurliðun á greiðsluheimildum skv. gjaldskrá og greiðslum SÍ árið 2016 niður á veitendur þjónustu (stafrófsröð).

	Greiðsluheimildir samtals	Greiðslur SÍ samtals	Nýting greiðsluheimilda	Vannýting greiðsluheimilda
Árborg, dagvistun	49.598.846 kr.	37.155.132 kr.	74,9%	12.443.714 kr.
Ás dvalar- og hjúkrunarheimili	7.383.600 kr.	6.996.928 kr.	94,8%	386.672 kr.
Barmahlíð	2.953.440 kr.	240.096 kr.	8,1%	2.713.344 kr.
Brákarhlíð	8.207.513 kr.	7.356.750 kr.	89,6%	850.763 kr.
Dagvist aldraðra Reykjanesbæ	59.308.198 kr.	58.631.586 kr.	98,9%	676.612 kr.
Dagvist aldraðra, Skagafjarðar	16.243.920 kr.	16.243.920 kr.	100,0%	0 kr.
Dagvist á Egilsbraut, Þorlákshöfn	11.318.928 kr.	10.798.096 kr.	95,4%	520.832 kr.
Dagvist Grindavíkur	7.017.600 kr.	7.017.600 kr.	100,0%	0 kr.
Dagvist heilbr.st. Hvammstanga	6.970.020 kr.	6.112.132 kr.	87,7%	857.888 kr.
Dagvist Seltjarnarness	12.812.850 kr.	12.740.162 kr.	99,4%	72.688 kr.
Dagvist Vítatorgi	60.782.652 kr.	56.692.542 kr.	93,3%	4.090.110 kr.
Dagvistarheimilið Breiðdalsvík	7.383.600 kr.	6.938.496 kr.	94,0%	445.104 kr.
Dalbær	19.945.100 kr.	18.968.544 kr.	95,1%	976.556 kr.
Djúpavogshreppur v/dagvistar	5.906.880 kr.	5.906.880 kr.	100,0%	0 kr.
Drafnarhús	72.139.319 kr.	72.134.032 kr.	100,0%	5.287 kr.
Eir hjúkrunarheimili	171.031.896 kr.	164.504.348 kr.	96,2%	6.527.548 kr.
Fellaskjól	1.476.720 kr.	120.048 kr.	8,1%	1.356.672 kr.
Fjallabyggð	10.147.452 kr.	10.147.452 kr.	100,0%	0 kr.
Fríðuhús	59.010.696 kr.	58.688.110 kr.	99,5%	322.586 kr.
Heilbrigðisstofnun Suðausturl.	10.278.114 kr.	10.278.114 kr.	100,0%	0 kr.
Hjallatún,dvalarheimili	2.953.440 kr.	240.096 kr.	8,1%	2.713.344 kr.
Hjúkr-/dvalarh. Klausturhólum	1.476.720 kr.	691.600 kr.	46,8%	785.120 kr.
Hlíð	81.783.200 kr.	81.783.200 kr.	100,0%	0 kr.
Hlíðabær	74.064.452 kr.	73.997.342 kr.	99,9%	67.110 kr.
Hornbrekka,dvalarheimili	8.403.552 kr.	7.616.880 kr.	90,6%	786.672 kr.
Hrafnista Hafnarfirði	41.781.856 kr.	40.781.684 kr.	97,6%	1.000.172 kr.
Hrafnista Reykjavík	128.712.900 kr.	128.396.262 kr.	99,8%	316.638 kr.
Hrafnista Kópavogi	44.224.740 kr.	44.224.740 kr.	100,0%	0 kr.
Hraunbúðir	14.564.980 kr.	14.564.980 kr.	100,0%	0 kr.
HSA - Neskaupstaður	1.476.720 kr.	0 kr.	0,0%	1.476.720 kr.
HSA - Seyðisfjörður	2.953.440 kr.	0 kr.	0,0%	2.953.440 kr.



Hvammur	33.964.560 kr.	28.028.780 kr.	82,5%	5.935.780 kr.
Höfói	29.534.400 kr.	29.507.520 kr.	99,9%	26.880 kr.
Ísafjarðarbær (Hlíf)	11.655.648 kr.	11.406.016 kr.	97,9%	249.632 kr.
Ísafold	23.627.520 kr.	23.627.520 kr.	100,0%	0 kr.
Kirkjuhovoll, heimili aldraðra	2.953.440 kr.	1.605.632 kr.	54,4%	1.347.808 kr.
Lagarás	17.595.294 kr.	16.820.228 kr.	95,6%	775.066 kr.
Lundur	2.953.440 kr.	2.953.440 kr.	100,0%	0 kr.
Mariuhús	72.139.319 kr.	72.134.032 kr.	100,0%	5.287 kr.
MS Setrið	121.345.120 kr.	118.597.600 kr.	97,7%	2.747.520 kr.
Múlabær	114.050.097 kr.	114.050.097 kr.	100,0%	0 kr.
Naust - Langanesbyggð	5.498.424 kr.	3.721.416 kr.	67,7%	1.777.008 kr.
Roðasalur	68.077.960 kr.	65.830.720 kr.	96,7%	2.247.240 kr.
Snæfellsbær - Jaðar	2.833.392 kr.	120.048 kr.	4,2%	2.713.344 kr.
Sólvangur	11.813.760 kr.	11.176.304 kr.	94,6%	637.456 kr.
Stykkishólmsbær	2.953.440 kr.	832.144 kr.	28,2%	2.121.296 kr.
Sunnuhlíð - Suðureyri	7.248.180 kr.	2.331.460 kr.	32,2%	4.916.720 kr.
Uppsalur	2.953.440 kr.	240.096 kr.	8,1%	2.713.344 kr.
Vigdísarholt ehf.	40.409.388 kr.	40.409.388 kr.	100,0%	0 kr.
Vopnafjarðarhreppur	1.476.720 kr.	509.072 kr.	34,5%	967.648 kr.
Þorrasel	67.948.353 kr.	67.918.260 kr.	100,0%	30.093 kr.
Samtals	1.643.345.240 kr.	1.571.787.525 kr.	95,6%	71.557.715 kr.

*HSN Blönduós var með greiðsluheimild skv. ákvörðun velferðarráðuneytisins fyrir árið 2016 en stofnunin óskaði ekki eftir því að veita þjónustu í dagdvöl (heimiluð voru alls 2 dagdvalarrými).

Tafla C: Fjöldi einstaklinga sem sóttu dagdvöl og fjöldi koma að meðaltali per einstakling árið 2016 eftir veitendum þjónustu.

	Fjöldi einstaklinga (kt) sem sóttu dagdvöl	Fjöldi koma	Fjöldi koma meðaltali
Árborg, dagvistun	43	4.057	94,3
Ás dvalar- og hjúkrunarheimili	15	1.184	78,9
Barmahlíð	0	0	0,0
Brákarhlíð	12	1.065	88,8
Dagvist aldraðra Reykjanesbæ	64	6.855	107,1
Dagvist aldraðra, Skagafjarðar	45	2.950	65,6
Dagvist á Egilsbraut, Þorlákshöfn	13	1.912	147,1
Dagvist Grindavíkur	9	1.435	159,4
Dagvist heilbr.st. Hvammstanga	11	1.096	99,6
Dagvist Seltjarnarness	22	2.245	102,0
Dagvist Vitorgi	39	4.205	107,8
Dagvistarheimilið Breiðdalsvík	13	1.173	90,2
Dalbær	35	3.234	92,4
Djúpavogshreppur v/dagvistar	28	1.174	41,9
Drafnarhús	48	5.361	111,7
Eir hjúkrunarheimili	114	13.400	117,5
Fellaskjól	0	0	0,0
Fjallabyggð	21	3.610	171,9
Fríðuhús	29	4.419	152,4
Heilbrigðisstofnun Suðausturl.	11	1.892	172,0
Hjallatún	0	0	0,0
Hjúkr-/dvalarh. Klausturhólum	1	106	106,0
Hlíð	118	9.112	77,2



Sjúkratryggingar Íslands

Hlíðabær	39	5.517	141,5
Hornbrekka	22	1.360	61,8
Hrafnista Hafnarfirði	100	6.961	69,6
Hrafnista Reykjavík	247	7.511	30,4
Hrafnista Kópavogi	75	7.559	100,8
Hraunbúðir	35	2.532	72,3
HSA - Neskaupstaður	0	0	0,0
HSA - Seyðisfjörður	0	0	0,0
HSN-Blönduós	0	0	0,0
Hvammur	46	4.698	102,1
Höfði	43	5.015	116,6
Ísafjarðarbær (Hlíf)	17	1.962	115,4
Ísafold	46	4.041	87,8
Kirkjubjörg	5	253	50,6
Lagarás	16	1.915	119,7
Lundur	10	512	51,2
Mariuhús	47	5.365	114,1
MS Setrið	81	9.808	121,1
Múlabær	167	13.762	82,4
Naust - Langanesbyggð	3	675	225,0
Roðasalir	38	4.848	127,6
Snæfellsbær - Jaðar	0	0	0,0
Sólvangur	25	1.890	75,6
Stykkishólmur	2	109	54,5
Sunnuhlíð - Suðureyri	11	345	31,4
Uppsáir	0	0	0,0
Vigdísarholt ehf.	58	5.027	86,7
Vopnafjarðarhreppur	1	72	72,0
Porrasel - dagdeild aldraðra	136	11.885	87,4
Samtals	1.961*	174.107	92,5

*Kennitölur voru alls 1.884 á árinu 2016. Sumir einstaklingar geta verið að færast á milli þjónustuveitenda innan ársins, t.d. vegna breytingar á búsetu eða vegna þess að einstaklingur þarf sérhæfðari úrræði en áður hjá öðrum þjónustuveitanda.